



# Íslenska – stöðu og leiðsagnarmat. Skráningarblöð

Nafn \_\_\_\_\_ bekkur \_\_\_\_\_ skóli \_\_\_\_\_

Helga Hauksdóttir, [helgah@akureyri.is](mailto:helgah@akureyri.is)  
skóladeild Akureyrar, <http://erlendir.akmennt.is/>

## Námsþættir

Kann  
mjög vel.

Kann þessa þætti nokkuð vel.

Þarf að æfa betur. Þættirsem þarf að vinna með áfram.

## Lestur /lesskilningur

Kann íslenska stafrófið –  
heiti og hljóð bókstafa.

Getur borið fram helstu  
málhljóð í íslensku og  
talað með nokkuð skýrum  
framburði.

Lestur/ lesskilningur  
Les léttan texta og svarar  
spurningum úr honum.

## Þemagreindur orðaforði

Þekkir nöfn á algengum  
fatnaði.

Þekkir nöfn á litum.

Þekkir nöfn vikudaga,  
mánaða og árstíða.

Þekkir algeng orð yfir  
veður.

Þekkir nöfn á skóladóti og  
nöfn námsgreina, nafn  
skóla, kennara og  
skólastjóra.

Þekkir nöfn á algengum  
eldhúsahöldum og borð-  
búnaði /mat / stofu.

Þekkir nöfn nokkurra  
algengra dýrategunda (t.d.  
íslenskra húsdýra) – þekkir  
nöfn afkvæma þeirra.

Þekkir heiti nokkurra farar-  
tækja á landi, lofti og sjó.

Þekkir hugtök um  
staðsetningu.

Getur sagt hvað klukkan er,

Þekkir heiti yfir helstu  
líkamshluta.

## Málfræði

Þekkir eintölu og fleirtölu nokkurra algengra nafnorða.

Þekkir kyn orða (hann, hún og það)

Nafnorð, sagnorð og lýsingarorð. Getur flokkað nokkur algeng orð í þessa orðflokka.

Þekkir nokkur andheiti

## Tölur, form, stærðfræði

Tölur - kann að telja – les tveggja, þriggja eða fjögurra stafa talnaheiti.

Þekkir formin ferhyrningur, þríhyrningur, hringur. Hugtök: samlagning, deiling, margföldun, frádráttur.



## Athafnir daglegs lífs

Algengar athafnir og sagnorð sem tengjast heimili og skóla

## Samfélag - grenndarþekking

Þekkir einhver kennileiti í nærumhverfi sínu

Þekkir íslenska fánann, nafn forseta og Bessastaða.

Getur bent á nokkra staði á Íslandi og nefnt með nafni (velur staði sjálf/sjálfur).

## Persónulegar upplýsingar

Getur svarað til um afmælisdag sinn, aldur og heimilisfang. Ýmislegt um frítíma ef vill.

## Annað:

Virkni, félagsfærni, aðlögun, líðan





# Íslenska – prófbættir og viðmið í stöðu- / leiðsagnarmati

Helga Hauksdóttir  
skóladeild Akureyrar,  
<http://erlendir.akmennt.is/>

Nafn \_\_\_\_\_ bekkur \_\_\_\_ skóli \_\_\_\_\_

## Námsþættir

### Viðmið sem notuð eru í vinnu með nemendum í leiðsagnarmati (munnlegt, skriflegt, teikning, vinna með myndir og gögn)

Kann mjög vel,  
90- 100% af verkefni

Kann þessa þætti nokkuð vel.  
Um 60 – 90 % af verkefni

þarf að æfa betur. Svarar 0 – 60% af verkefni.

## Lestur /lesskilningur

Stafrófið/  
heiti og hljóð bókstafa

A – á – b – d – ð – e – é – f – g – h – i – í – j – k – l – m – n – o – ó – p – r – s – t – u – ú – v – x – y – ý – þ – æ – ö – au – ei – ey  
**Gögn:** lítil stafasjöld Námsgagnastofnunar

Framburður málhjóða

Nota stafrófið eins og í lið 1 og léttan samfelldan texta sem nemandi les.

Lestur / lesskilningur

Nemandi les léttan texta og sýnir skilning a innihaldi hans.

Texta þarf að sníða að hverjum nemanda fyrir sig.

### Dæmi um texta – sjá þrjú dæmi á fylgiskjöllum

Það er snjór úti og það er kalt. Anna og Óli eru á leiðinni í skólann. Það er ekki langt og þau ganga. Pabbi og mamma fara í vinnuna og þau fara í bíl. Bíllinn þeirra er rauður.

Anna er í 5. bekk. Kennarinn hennar heitir Jónas. Það er stærðfræði. Önnu finnst gaman að reikna og hún er dugleg. Óli er í 3. bekk. Hann fer í heimilis-fræði. Krakkarnir baka köku. Óli setur disk, glas og gaffal á borðið. Allir drekka mjólk og borða súkkulaði-köku.

Eða:

Kata og Óli eru í skólanum. Bjallan hringir og allir fara heim. Krakkarnir fara út að leika sér. Þau búa til stóran snjókarl. Karlinn er með tvö augu og stórt nef. Nefið er appelsínu-gult. Það er gulrót. Snjókarlinn er líka með trefil og svartan hatt. Hann er fínn.

Óla er kalt. Hann vill fara heim. Hann fer að læra og svo fer hann í tölvuleik. Bráðum kemur kvöldmatur. Pabbi eldar fisk og mamma sækir vatn og hellir í glösin. Óli les í bók áður en hann lokar augunum. Þetta var góður dagur.

**Umræður og spurningar úr texta:** Sjá fylgiskjöl



## Þemagreindur orðaforði (merkið við það sem nemendur kunna)

Nöfn á algengum fatnaði	Biðja nemanda um að teikna: Húfu, sokka, buxur, vettlinga, trefil. Vera með myndir af fatnaði og nemandi bendir og segir nafn: peysa, bolur, stuttbuxur, skór, stígvél, úlpa, kjóll (sjá fylgiskjal) <p style="text-align: right;">(12 atriði)</p>
Þekkir nöfn á litum	Nemandi getir notað myndirnar sem hann teiknaði af fatnaði: húfan er <u>blá</u> , sokkarnir eru <u>rauðir</u> , vettlingarnir eru <u>grænir</u> og trefillinn er <u>bleikur</u> . Síðan má benda á fleiri liti: <u>gulur</u> , <u>hvítur</u> , <u>svartur</u> , <u>brúnn</u> , <u>fjólublár</u> , <u>grár</u> (sjá fylgiskjal) <p style="text-align: right;">( 10 litir)</p>
Vikudagar, mánuðir, árstíðir	Teikna myndir af trjám eða umhverfi eftir árstíðum (4), nefna alla vikudaga (7) og kunna heiti mánaða (12) og þekkja sumarmánuð, vetrarmánuð, vormánuð og haustmánuð (4) (sjá fylgiskjal) <p style="text-align: right;">(27 atriði)</p>
Þekkir algeng orð yfir veður.	Nemandi spurður hvernig veðrið sé í dag, er gott veður eða vont veður. Ná fram hugtökum um veður eins og rigning, sól, snjór, heitt, kalt, logn eða vindur (sjá fylgiskjal)
Skóladót, nöfn námsgreina, nafn skóla, kennara og skólastjóra.	Byrja á umræðu um skólann, nafn hans, nafn skólastjóra og kennara (3 atriði). Vera með pennaveski eða box og biðja nemanda að rétta þér blýant, skæri, penna, strokleður, yddara, liti, reglustiku (7 atriði) – eða vera með myndir sem nemandi dregur og segir nafn á því sem upp kemur(sjá fylgiskjal) <p style="text-align: right;">(samtals 10 atriði)</p>
Algeng eldhúsahöld og borðbúnaður / Heiti á matartegundum / stofa og húsgögn	Vera með grunnan og djúpan disk (skál), gaffal, hníf, skeið, glas og bolla (7 atriði). Nemandi nefnir heiti og hægt er að ræða hvað við drekkum úr glasi, úr bolla, skál o.s.frv. Vera með mynd þar sem nemandi getur bent á ýmis eldhúsahöld, t.d. ísskáp, eldavél, vaska, pott, brauðrist, pönnu, skáp (7 atriði) (sjá fylgiskjal 14 atriði). Matartegundir – sjá fylgiskjal 18 atriði). Einnig /eða hægt að nota mynd af stofu og nöfnum sem tengjast henni (sjá fylgiskjal).
Algeng, íslensk dýr og afkvæmi þeirra.	Nemandi þekki: hundur, hvolpur, köttur (kisa), kettlingur, kýr, kálfur, kind, lamb, hestur, folald, hæna, ungi. Hugsanlega má vera með myndir af uglu, lóu, lunda eða álft (svani) ef nemendur hafa lært um fuglategundir (sjá fylgiskjal – líka hægt að nota spjöld Námsgagnastofnunar – <b>Ég og dýrin í sveitinni</b> ) <p style="text-align: right;">(Samtals 12 atriði)</p>

Farartæki á landi,  
lofti og sjó.

Þekkir nöfn farartækja, t.d. flugvél, þyrla, bíll, rúta (strætó), bátur, skip, hjól, snjósleði (vélsleði), dráttarvél (traktor), mótorgjól (sjá fylgiskjal) (10 atriði)

Hugtök um  
staðsetningar

Upp, niður, fyrir framan, fyrir aftan, við hliðina, í miðjunni, inni í, undir (Sjá fylgiskjal) (8 atriði)

### Málfræði

Eintala og fleirtala  
algengra nafnorða.

Munnlegt: einn strákur – margir .... stelpa .....fjall ..... borð ..... bók ..... litur .....

(6 atriði)

Nafnorð, sagnorð,  
lýsingarorð

Munnlegt eða skriflegt: sjá fylgiskjal

Andheiti

Munnlegt eða skriflegt: sjá fylgiskjal

### Tölur, form, stærðfræði

Tölur, form og  
stærðfræði

Kann að telja. Les tveggja, þriggja eða fjögurra stafa talnaheiti.  
Þekking á grunnformum, ferhyrningi, þríhyrningi og hring.  
Þekkir heiti helstu aðgerða, s.s. samlagning, frádráttur, deiling og margföldun.  
Les úr talnaheitum (sjá fylgiskjal).

## Athafnir - sagnorð

Nemandi þekki nokkrar algengar sagnir

Nemandi þekkir sagnorð sem tákna athafnir daglegs lífs, bæði heima, í skóla og í félagsstarfi eða íþróttum. Í fylgiskjali eru 22 myndir sem hægt er að nota. Einnig geta nemendur framkvæmt ýmsar athafnir á staðnum, setjast, standa, grípa, kasta o.fl. (22 atriði).

## Grenndarþekking

Nemandi hafi grunnþekkingu á íslensku landakorti – og þekki einhver kennileiti í nærumhverfi sínu.

Íslenski fáninn, forseti og bústaður hans.

Nemandi þekki höfuðáttir á landakorti og geti bent á Norðurland, Suðurland, Austurland og Vesturland. Veit hvar Reykjavík er og geti bent á einhverja staði sem hann þekkir á landakorti.

Þekki kennileiti í nærumhverfi sínu, t.d. skóla, kirkju, bókasafn, verslunarmiðstöð, nafn á fjalli o.s.frv.

Nemandi viti hvað forsetinn heitir og hvar hann býr. Geti teiknað íslenska fánann eða þekkt hann á mynd.

## Annað



# Fylgiskjöl

og myndir sem kennarar geta notað til að kanna stöðu nemenda



Helga Hauksdóttir  
Skóladeild Akureyrar  
<http://erlendir.akmennt.is/>

## Lestur I

Óli sér sól. Óli er úti. Það er sól og sumar.

Vala er fín. Hún er í bláum buxum.

Vala og Óli fara í sund með mömmu.

Það er gaman í sundi.

Þau fara í renni-braut.

Mamma, Óli og Vala fara í búð.

Þau kaupa ís.



---

Hvað heita krakkarnir? \_\_\_\_\_

Hvert fara krakkarnir með mömmu? \_\_\_\_\_

Hvað kaupir mamma í búðinni? \_\_\_\_\_

## Lestur II

Það er snjór úti og það er kalt. Anna og Óli eru á leiðinni í skólann. Það er ekki langt og þau ganga. Pabbi og mamma fara í vinnuna og þau fara í bíl. Bíllinn þeirra er rauður.

Anna er í 5. bekk. Kennarinn hennar heitir Jónas. Það er stærðfræði. Önnu finnst gaman að reikna og hún er dugleg. Óli er í 3. bekk. Hann fer í heimilis-fræði. Krakkarnir baka köku. Óli setur disk, glas og gaffal á borðið. Allir drekka mjólk og borða súkkulaði – köku.

\_\_\_\_\_

Hvað heita krakkarnir í sögunni? \_\_\_\_\_

Hvernig er veðrið í sögunni? \_\_\_\_\_

Er sumar? \_\_\_\_\_

Hvernig er bíllinn þeirra á litinn? \_\_\_\_\_

Hvernig fara Anna og Óli í skólann? \_\_\_\_\_

Hvað eru krakkarnir að læra? \_\_\_\_\_

Hvað bakar Óli? \_\_\_\_\_

Hvað drekka krakkarnir? \_\_\_\_\_



### Lestur III

Kata og Óli eru í skólanum. Bjallan hringir og allir fara heim. Krakkarnir fara út að leika sér. Þau búa til stóran snjókarl. Karlinn er með tvö augu og stórt nef. Nefið er appelsínu-gult. Það er gulrót. Snjókarlinn er líka með trefil og svartan hatt. Hann er fínn.

Óla er kalt. Hann vill fara heim. Hann fer að læra og svo fer hann fer í tölvuleik. Bráðum kemur kvöldmatur. Pabbi eldar fisk og mamma sækir vatn og hellir í glösin. Óli les í bók áður en hann lokar augunum. Þetta var góður dagur.

\_\_\_\_\_

Hvað heita krakkarnir í sögunni? \_\_\_\_\_

Hvað voru krakkarnir að gera úti? \_\_\_\_\_

Hvernig var nefið á snjókarlinum á litinn? .... Af hverju? \_\_\_\_\_

Af hverju fór Óli heim? \_\_\_\_\_

Hvað var hann að gera þar? \_\_\_\_\_


Hvað var í matinn heima hjá Óla? \_\_\_\_\_



# Fatnaður



Litir



## Verkefni um árstíðir, mánuði og vikudaga

Teikna tré eða umhverfi eftir árstíðum:

vor	sumar
haust	vetur

Mánuðir:  
Raða mánaðaheitum inn í kassana – eða teikna tré sem breytist efti árstíðum.



\_\_\_\_\_



\_\_\_\_\_



\_\_\_\_\_



\_\_\_\_\_



\_\_\_\_\_






\_\_\_\_\_



\_\_\_\_\_



# Veður








# Skóladót






© www.ClaProject.info




# Eldhústæki og áhöld



Matur og matartegundir - Hugtökin grænmeti og ávextir:




Stofa. Hægt að nota til viðbótar við eldhúsið til að kanna orðaforða sem tengjast heimili.





## Dýr og afkvæmi þeirra



Farartæki í lofti, á landi og sjó

Flugvél

Bíll

Hjól

Bátur

Þyrla




Skip

Strætó

Dráttarvél (traktor)

Snjóseði (vélsleði)

mótorhjól



## Hugtök um staðsetningar

Upp

Niður

Undir



Fyrir framan

Fyrir aftan (bak við)

Við hliðina

Inni í

Í miðjunni (á milli)





**Hvað er klukkan?**

**Getur verið bara munnlegt eða  
nemendur tengja saman rétta  
fullyrðingu við klukku.**

Klukkan er hálf fjögur


Klukkan er fimm mínútur yfir átta

Klukkan er tólf

Klukkan er tuttugu mínútur í tíu


Klukkan er tíu mínútur yfir fimm

Klukkan er fimmtán mínútur í þrjú





Likamshlutar



## Örlítið um málfræði

Skór – lítill – lesa – sól – labba – tölva – kaldur – gleraugu – góður – borða – sofa - fljótur

nafnorð	sagnorð	lýsingarorð

**Hann** (strákur) – **hún** (stelpa) - **það** (barn)

Skóli – húfa – strákur – kisa – brauð – hjól - bíll – borð - taska

hann	hún	það





eintala	fleirtala
strákur	
borð	
stelpa	
bók	
litur	
fjall	

## Andheiti

kaldur	
stór	
hvítur	
niður	
margin	
mjór	

## Stærðfræði

Form:



Að lesa úr tölum:

**5 – 8 - 13 – 19 – 26 – 32 – 41 – 54 – 67 – 70 – 84 -98 - 100**

**250 – 568 – 1000 – 2014**

Heiti á reikningsaðgerðum:

$$2 + 2 =$$


$$5 - 2 =$$



$$5 \times 2 =$$

$$10 : 2 =$$

Samlagning – frádráttur – margföldun - deilding

Athafnir og nokkrar algengar sagnir  
Hvað eru þau að gera?







## Grenndarþekking

Nemandi bendir á einhverja staði sem hann þekkir á korti og segir til um áttirnar á Íslandskorti.

---

---

---



**Aðrir þættir:**

A large, empty rectangular box with a thin black border, intended for providing additional details or information. It occupies the majority of the page's width and height below the header.